

**Nd.** **164. Tillaga til þingsályktunar** [134. mál]  
um rannsókn á verðhækkunum.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Þórarinn Þórarinsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa hlutfallskosningu fimm manna nefnd innandeildarþingmanna, samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að rannsaka þær verðhækkanir, sem hafa orðið síðan kaupsamningar voru gerðir í júnímánuði síðastliðnum. Nefndin skal sérstaklega kynna sér, hvort orðið hafa óeðlilega miklar verðhækkanir, er krefjist sérstakra aðgerða verðlagsyfirvalda. Nefndin skal leggja niðurstöður sínar fyrir Alþingi eins fljótt og verða má. Nefndin skal hafa rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflugar, af embættismönnum og einstökum mönnum.

#### Greinargerð.

Miklar verðhækkanir hafa orðið á vörum og þjónustu, síðan kaupsamningar verkalýðsfélaga og atvinnurekenda voru gerðir á síðastliðnu sumri, bæði með og án leyfis verðlagsyfirvalda. Sumar þessar verðhækkanir hafa verið álitnar meiri en rétt er. Það er því eðlilegt, að nefnd rannsaki þetta mál sérstaklega og beiti sér fyrir því, að gerðar verði ráðstafanir til úrbóta, ef óeðlilegar verðhækkanir hafa átt sér stað. Þess vegna er framangreind tillaga flutt.